

mönnum eða útvegsmannafélögum, er hlut áttu að máli, samþykki sitt.

3. Sömu upplýsinga og raktar eru í 1 og 2 skal aflað um samkomulag það, er undirritað var 15. maí 1959 milli „Sjómannasamtakanna innan A. S. Í.“ og Landsambands íslenzkra útvegsmanna.
4. Lögð skal fram skrá yfir þá útgerðarmenn og útgerðarmannafélög, sem sögðu upp samningum þeim, er um ræðir í þessu máli, fyrir 1. apríl 1961 eða til niðurfellingar 1. júní f. á.

Loks skal aflað annarra þeirra gagna, sem framan- greind gagnaöflun gefur tilefni til.

Því úrskurðast:

Aflað skal framangreindra gagna svo fljótt, sem unnt er.

Föstudaginn 18. janúar 1963.

Nr. 10/1962.

Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Deilt um gildi kjarasamninga á síldveiðum.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna með stefnu, dags. 15. nóv. f. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

að dæmt verði, að kjarasamningur milli aðilja máls þessa,

dags. 13. júní 1958 með breytingum, dags. 15. maí 1959, hafi gilt milli þeirra á sildveiðum fyrir Norðurlandi sumarið 1962 og sé enn í gildi.

að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Mál þetta var flutt munnlega 23. nóv. f. á., en með úrskurði uppkveðnum 26. sama mán. lagði Félagsdómur fyrir aðilja að afla ýtarlegri gagna. Var málið því tekið aftur til málflutnings og flutt munnlega af nýju, að lokinni framhalds gagnaöflun, 10. þ. m.

Aðdragandi máls þessa og málsatvik eru á þessa leið:

Í marzmánuði 1958 mun almennt hafa verið sagt upp af hálfu verkalýðs- og sjómannafélaga þeirra, er hlut áttu að máli, þágildandi kjarasamningum um kaup og kjör á sildveiðum. Var Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps meðal þeirra félaga, er þá sögðu upp samningum. Er uppsögn þess félags dags. 27. marz 1958, og munu útgerðarmenn í Sandgerði hafa kvittað fyrir móttöku hennar 28. og 29. sama mánaðar. Eigi er uppkomið í máli þessu, hvernig gengið var á þeim tíma að formi til frá samningum milli einstakra verklýðs- eða sjómannafélaga annars vegar og útgerðarmanna eða félögum þeirra hins vegar, en kaup og kjör á sildveiðum fóru þá eftir allsherjar samningi gerðum í Reykjavík 15. júní 1954 og var hann undirritaður með þessum hætti:

„F. h. Verkalýðs- og sjómannafélaganna

Með fyrirvara

um samþykki þeirra, enda gefist þeim félögum A. S. Í., er þess óska, kostur á að gerast aðiljar að samningnum“.

Nöfn.

„F. h. Útvegsmannafélaganna

Með fyrirvara

um samþykki þeirra, enda gefist þeim deildum L. Í. Ú. og einstaklingum, er þess óska, kostur á að gerast aðiljar að samningnum“.

Nöfn.

Við samninga þá er gerðir voru árið 1958 var höfð sú tilhögun, að Landssamband íslenzkra útvegsmanna fór með samningaumleitanir og samningsgerð af hálfu útvegsmanna, en af hálfu sjómanna samninganefnd, er sett var á laggirnar til að annast samninga að þessu sinni samkvæmt ákvörðun sjómannaráðstefnu, sem haldin var í marz 1958. Kaus ráðstefna þessi fyrst 4 menn í nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á áðurgildandi kjarasamningum, en því næst annaðist samningana samninganefnd sú, er undirritaði þá og skipuð var fulltrúum frá nokkrum þeirra verklýðsfélaga, sem hlut áttu að máli. Hafa formaður og ritari Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps lýst yfir því, að félög þeirra hafi gefið Alþýðusambandi Íslands fullt umboð til þess að fara með samninga að þessu sinni.

Samningar milli útvegsmanna og verkalýðsfélaganna tókust því næst í júní 1958 og voru undirritaðir 13. Þess mánaðar af mönnum þeim, er sæti áttu í samninganefnd hvors aðilja og er síðasta grein samninganna svohljóðandi og undirritun með þessum hætti:

„Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 1. júní 1959. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er tveir mánuðir, eða útrunninn 1. apríl.

Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir öll þau félög, sem að honum standa, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili.

Reykjavík, 13. júní 1958.

F. h. Landssambands isl. útvegsmanna
með fyrirvara um samþykki einstakra félagsdeilda og
sérstakra meðlima.

Nöfn.

F. h. Sjómannasamtakanna innan A. S. Í.,
þar með talið Matsveinafélag S. M. F. Samningurinn
gildir þó ekki fyrir félögin í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum. Með fyrirvara um samþykki félaganna.

Nöfn.“

Með umburðarbréfi nr. 11, dags. 21. júní 1958, skýrði stefndi félagsmönnum sínum, félagsdeildum og einstökum félagsmönnum því næst frá samningi þessum og rekur þær breytingar, sem nú hafi orðið á samningum við sjómenn frá hinum eldri samningunum.

Þá segir svo í bréfi þessu:

„Samningur þessi er hér með sendur öllum einstökum meðlimum og deildum L. Í. Ú. og væntum vér þess, að samningurinn verði tekinn til afgreiðslu hið allra fyrsta og oss tilkynnt þegar í stað um afgreiðslu deildarinnar á honum.“

Samkvæmt skýrslu stefnda í máli þessu, mun samningur þessi ekki hafa komið til umræðu eða afgreiðslu sérstaklega í deildum L. Í. Ú. (þ. e. einstökum útvegsmannafélögum). Urðu hvorki deildir né einstakir félagsmenn stefnda við þeim tilmælum umburðarbréfsins, að tilkynna honum um afgreiðslu á samningnum. Jafnframt er komið fram, að engar orðsendingar hafi farið fram milli útvegsmanna og einstakra verklýðs- og sjómannafélaga varðandi gildistöku hins nýja samnings. Hins vegar var honum orðalaust fylgt í framkvæmd og skráð á síldveiðiskipin, samkvæmt honum þá um sumarið 1958. Þá hefur stefndi og lýst yfir því í flutningi máls þessa, að engin synjun um samþykki á nefndum samningi hafi horizt honum og því er ekki heldur haldið fram af hans hálfu, að slík synjun hafi verið send verklýðsfélögum þeim, er hlut áttu að máli frá einstökum útvegsmönnum eða útvegsmannafélögum.

Af hálfu Alþýðusambands Íslands er því lýst yfir, að það hafi strax eftir 13. júní 1958 tilkynnt sambandsfélögunum um hinn nýja samning. Hins vegar kveðst það ekki vita, hvort eða hve mörg félög hafi beinlínis samþykkt samninginn og ekki vita til þess, að neitt félag hafi fellt hann, en félögin hafi öll samþykkt hann í reynd með því að félagsmenn þeirra hafi verið skráðir á síldveiðiskipin samkvæmt honum sumarið 1958 og svo seinna með þeim breytingum, sem síðar verður getið, og gerðar voru árið eftir, 1959.

Af vottorði frá lögskráningarstjóranum í Sandgerði, sem er á félagssvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Miðnes-hrepps, sést, að skráð hefur verið svo á skipið Muninn G.K. 342 á sumarsildveiðum 1958 „Skv. samningum“. En það er sammæli málsaðilja, að eigi hafi í Sandgerði á því sumri verið um aðra samninga að ræða um kjör á sildveiðum en þá, er undirritaðir voru 13. júní 1958. Aðiljar eru einnig sammála um það, að engar formlegar tilkynningar um gildistöku samningsins frá 13. júní 1959 hafi farið fram milli verklyðsfélagsins í Sandgerði og útvegsmanna þar, en þeir síðartöldu eru beinir félagsmenn í Landssambandi íslenskra útvegsmanna, þar sem ekkert útvegsmannafélag starfar á félagssvæði nefnds verklyðsfélags.

Þá hefur því ekki verið andmælt, að reikningsskil við sjómenn haustið 1958 hafi farið fram samkvæmt samningnum frá 13. júní sama ár.

Nefndum kjarasamningi, sem gilda átti, svo sem áður er lýst, til 1. júní 1959, var ekki sagt upp fyrir þann tíma. Hins vegar gerðu sömu aðiljar og undirrituðu kjarasamninginn 13. júní 1958 viðbótarsamning í maí 1959, er hljóðar svo:

„Samkomulag

um breytingar á sildveiðisamningi milli L. Í. Ú. og sjómannasamtakanna innan A. S. Í. dagsettum 13. júní 1958.

1. Kauptrygging

Reykjavík, 15. maí 1959.

f. h. Sjómannasamtakanna innan A. S. Í. að undanskildum félögum í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum.

Nöfn.

f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna.“

Nöfn.

Svo sem undirskriftir aðilja undir þetta samkomulag bera með sér eru þær að þessu sinni eigi með fyrirvara um samþykki, eins og verið hafði við samningagerðina árið áður, 1958, enda er því ekki haldið fram af málsaðiljum, að þetta samkomulag hafi almennt verið lagt undir samþykki þeirra verkalyðs- og sjómannafélaga eða út-

vegsbænda og útvegsmannafélaga, sem þessi breyting snerti. Telur stefnandi, að þeir fulltrúar sjómanna, sem undirrituðu þessar breytingar, hafi haft umboð til þeirrar sammingsgerðar. Og að því er Verkalýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps varðar er fram komið, að samkomulagið var samþykkt á fundi trúnaðarráðs félagsins 24. maí 1959, en eigi er því haldið fram af hálfu félagsins, að það samþykki hafi verið tilkynnt sérstaklega útvegsmönnum í Sandgerði, sem eru beinir félagsmenn í L. Í. Ú., þar sem ekki er neitt útvegsmannafélag á þessum stað. Af hálfu stefnda er það hins vegar komið fram, að útvegsmannafélögum og beinum félagsmönnum í L. Í. Ú. var send tilkynning um nefnt samkomulag í umburðarbréfi nr. 8/1959 dagsettu í maí 1959. Segir svo í umburðarbréfi þessu:

„Að undanfögnu hafa farið fram viðræður milli Landsambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna innan A. S. Í. um breytingar án uppsagnar á samningum um kaup og kjör sjómanna á sildveiðum, sem dagsettur er 13. júní 1958.

Þann 15. maí s.l. varð samkomulag um eftirtaldar breytingar á samningnum:

.....

Með kveðju.

Landssamband ísl. útvegsmanna.“

Eigi er í bréfi þessu óskað eftir sérstakri staðfestingu á nefndu samkomulagi og stefndi hefur lýst yfir því, að eigi muni nú frekar en árið áður hafa verið gerðar sérstakar samþykktir um það, eða tilkynningar út af því átt sér stað til sjómannafélaga eða stjórnar stefnda.

Aðiljar eru samsaga um það, að í reynd og framkvæmd hafi kjarasamningnum frá 13. júní 1958 með nefndri breytingu 1959 verið fylgt á sildveiðum árin 1959, 1960 og 1961 og þá einnig að því er Sandgerðisbátana varðaði, enda hefur verið lagt fram vottorð þess efnis frá lögskráningarstjóranum í Miðneshreppi. Þá er það einnig ágreiningslaust, að ekki hafi verið um annan kjarasamning um

sildveiðar að ræða, en þann, sem um er deilt í máli þessu, þegar frá eru skildar Vestmannaeyjar og Vestfirðir.

Rétt þykir að láta þess getið hér, að frásögn sú, sem rakin er í dómi Félagsdóms, uppkv. 6. júní 1962, í málinu nr. 2/1962 um samningaumleitanir og samningagerð milli aðilja máls þessa vorið 1959 er þar með öðrum hætti, en hér er rakið, þar sem byggt er á því að heildarsamningar hafi verið undirritaðir 15. maí 1959 með þeim hætti, sem þar er greint. Sú frásögn var byggð á málflutningi umboðsmanna aðilja í því máli. Í þessu máli hafa umboðsmenn aðilja, sem eru hinir sömu, lýst yfir, að skýrslur þeirra þá um nefnda samningsgerð séu ekki réttar. Er talið að sú vangá, er þar átti sér stað, stafi af mistökum í útgáfu af kjarasamningum, sem alþýðusambandið sá um, er það lét, án samráðs við stefnda, prenta samninginn frá 13. júní 1958, eftir breytingarnar vorið 1959, eins og um undirritun nýs samnings í heild hefði verið að ræða. Var sú útgáfa lögð fram í málinu nr. 2/1962 og lögð til grundvallar, er atvik málsins voru rakin. En svo sem fram kemur af sögu málsins hér, var nefnd útgáfa samningsins ónákvæm að því er varðar síðustu grein hans og undirskriftir, og löguð til þess að valda misskilningi um samningsgerðina, þar sem réttara hefði verið að prenta samkomulagið 1959 sem viðbót við samninginn 1958.

Í marz mánuði 1961 sagði stefndi upp framannefndum samningi með bréfi til „Sjómannasamtakanna innan A. S. Í.“, er sent var Alþýðusambandi Íslands. Ekki kom þó til ágreinings milli stefnda og alþýðusambandsins út af þeirri uppsögn þá að sinni. Reyndi ekki á gildi hennar á því ári, þar sem skráð var á sildveiðiskipin sumarið 1961 með sömu kjörum og verið hafði árin 1959 og 1960. En vorið 1962 kom til allsherjar kaup- og kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna að því er sildveiðikjörin varðaði. Leiddi sú deila til málssóknar út af nefndri uppsögn stefnda frá 1961 og var hún eigi almennt talin gild gagnvart þeim verklýðs- og sjómannafélögum, sem stóðu að samningnum frá 1958 og 1959. En jafnhliða henni höfðu ýmis útvegsmannafélög sagt nefndum samningum upp sérstak-

lega gagnvart verklýðsfélögum þeim, er hlut áttu að máli. Stóðu málin því þannig í júnímánuði s.l., að sums staðar hafði sildveiðisamningunum verið sagt upp, en annars staðar ekki, eða þá að mótmælt var, að lögmæt uppsögn hefði átt sér stað.

Hinn 24. júní s.l. voru gefin út bráðabrigðalög, er mæltu svo fyrir, að gerðardómur skyldi skera úr því, hvaða kjör skyldu gilda á sildveiðum sumarið 1962, ef samkomulag um kjörin næðist ekki fyrir tiltekinn tíma. Og þar sem ekki gekk saman með deiluaðiljum, fékk gerðardómurinn deiluna til meðferðar og kvað upp úrskurð sinn 25. júlí s.l.

Samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Sandgerði var lögskráð á m/b Hrönn G.K. 241 hinn 25. júní s.l. með þeim skilmálum, að ráðningarkjör væru óákveðin, en hann kvaðst hafa skýrt fyrir skipverjum afstöðu L. Í. Ú. og Alþýðusambands Íslands til gerðardómsins. Þá segir einnig í öðru vottorði lögskráningarstjórans, að skráð hafi verið á m/b Muninn G.K. 342 og m/b Jón Gunnlaugsson G.K. 444 á sumarsildveiðum 1962: „Skv. væntanlegum samningum.“

Þegar að reikningsskilum kom, að lokinni sildarvertíðinni s.l. haust, kom í ljós, að ágreiningur var um það, hvaða reglum skyldi fylgja um kaup og kjör á Sandgerðisbátum. Töldu útvegsmenn, að farið skyldi eftir ákvæðum gerðardómsins, þar sem engir kjarasamningar væru í gildi milli þeirra og Verkalýðs- og sjómannafélags Miðnes-hrepps. Verklýðsfélagið hélt því hins vegar fram, að kjarasamningunum frá 1958 og 1959 hefði eigi verið sagt upp. Væru þeir því enn í gildi og bæri að miða kjör sjómanna við ákvæði þeirra. Náðist eigi samkomulag um þetta atriði og höfðaði stefnandi þá mál þetta með þeirri kröfugerð, sem áður getur. Heldur stefnandi því fram, að með áðurnefndum samningi frá 13. júní 1958 og staðfestingu þeirri, sem hann fékk, er breytingar voru gerðar á honum 15. maí 1959, hafi stofnast kjarasamningur, er bundið hafi verklýðsfélagin, sem að honum stóðu, og einnig útvegsmannafélög og einstaka útgerðarmenn innan Landssambands íslenzkra útvegsmanna við þau kjör, sem

hann mælir fyrir um. Telur hann, að það komi m. a. fram af áður nefndum uppsögnum útgerðarmannafélaganna 1961, að þau hafi talið sig bundna af nefndum samningum, enda hafi sú staðreynd líka komið ótvírætt fram í 4 ára óslitinni framkvæmd. Eigi þetta einnig við um Verklýðs- og sjómannafélag Miðneshrepps og þá útgerðarmenn í Sandgerði, sem séu félagar í L. Í. Ú. Og þar sem þessum samningum hafi ekki verið sagt upp á lögmætan hátt gagnvart verklýðsfélaginu hafi þeir verið enn í gildi á sildarvertíðinni s.l. sumar. Eigi reikningsskil við félagsmenn verklýðsfélagsins þess vegna að miðast við ákvæði nefnds kjarasamnings, en ekki ákvæði gerðardómsins, sem aðeins gildi, þar sem kjarasamningum hafi verið sagt upp. Þá kveður stefnandi, að eigi megi skilja orðalag lögskráningar þeirrar á báta í Sandgerði, er fram fór í júnimánuði s.l., á þá lund, að í því felist viðurkenning þess, að engir kjarasamningar hafi þá verið í gildi. Nokkur óvissa hafi verið um það, er gerðardómslögin væru sett, hve viðtæk ákvæði þeirra væru, og hafi aðeins verið um það að ræða af sinni hálfu, að velja það orðalag, sem ekki væri því til hindrunar, að skipin gætu þá þegar farið til veiða, en sjómenn þó haldið öllum þeim rétti til kaups, er þeir ættu samkvæmt samningum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að enginn bindandi kjarasamningur hafi verið í gildi milli hans annars vegar eða einstakra útvegsmanna innan L. Í. Ú. og Verklýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps hins vegar. Kveður hann, að samningagerðin 13. júní 1958 hafi átt að vera opin svo að einstakir útvegsmenn eða útvegsmannafélög réðu því sjálf, hvort þau gerðust aðiljar að honum. Þetta hafi ekki verið gert, því hvorki hafi einstakir félagsmenn né einstakar félagsdeildir samþykkt nefndan kjarasamning gagnvart L. Í. Ú. né heldur gagnvart verklýðs- og sjómannafélögum þeim, sem hlut áttu að máli. Að visu hafi ákvæðum hans verið fylgt, en það nægi ekki til þess að stofnast hafi bindandi samningar við verklýðsfélagin um sildveiðikjörin. Þá heldur stefndi því fram, að sama gildi um breytingar þær, sem samkomulag hafi orðið um 15.

maí 1959. Þær hafi ekki heldur hlotið sérstaka staðfestingu, þótt eftir þeim hafi verið farið um reikningsskil. Þá mótmælir stefndi því, að skoða megi uppsagnir einstakra útvegsmannafélaga, er áttu sér stað síðla vetrar 1961, sem viðurkenningu þess, að þau teldu sig sammingsbundin gagnvart verk lýðsfélögunum. Þær uppsagnir hafi aðeins verið gerðar í varúðarskyni. Telur stefndi, að af þessu leiði, að fara beri eftir ákvæðum gerðardómsins um kaup og kjör félagsmanna Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps á sildveiðum s.l. sumar, enda hafi þá verið skráð á Sandgerðisbáta upp á þau býti, að ráðningarkjörin væru óákveðin, eða þau skyldu fara eftir væntanlegum samningi, og sé af því ljóst, að sjómenn hafi ekki litið svo á, að í gildi væru þá bindandi samningar um þau kjör.

Svo sem lýst er hér að framan tilkynntu bæði Alþýðusamband Íslands og Landssamband íslenzkra útvegsmanna félögum sínum sammingsgerð þá, er fram fór 13. júní 1958. Urðu viðbrögðin undantekningarlaust þau, að ákvæðum sammingsins var án nokkurra athugasemda af hálfu útvegsmanna eða verk lýðs- og sjómannafélaga framfylgt við lögskráningu til sildveiða og síðar reikningsskil að lokinni vertið. Næsta ár var gildi þessa sama kjarasammings viðurkennt með staðfestingu þeirri á honum, sem fólst í samkomulagi því um breytingar, sem undirritað var 15. maí 1959 án nokkurs fyrirvara um samþykki deilda, einstaklinga eða félaga innan þeirra sambanda, er að þeirri undirskrift stóðu. Var kjarasamningnum því næst með nefndum breytingum fylgt í verki og reynd sumurin 1959, 1960 og 1961 svo sem áður hafði verið sumaríð 1958, án þess að fram hafi komið nokkur athugasemd eða áskilnaðar út af þeim af hálfu útvegsmanna. Árið 1961 átti sér svo stað uppsögn sú af hálfu stefnda, dags. 22 marz 1961, sem ógild var metin með dómi Félagsdóms 6. júní f. á. í málinu nr. 2/1962. Jafnframt er fram komið að þessum sama kjarasamningi var einnig sagt upp sérstaklega í marz 1961 af 10 útvegsmannafélögum og einum einstaklingi.

Þegar til þessa er litið og alls, sem að framan er rakið, verður að telja, að með þeirri skriflegu samningsgerð, er framfór nefnda daga 13. júní 1958 og 15. maí 1959 og framfylgt var án undantekningar, að því er séð verður, í framkvæmd og verki, árin 1958 til 1960 að báðum meðtöldum, hafi stofnast kjarasamningur, er bundið hafi aðilja máls þessa, unz hann félli niður fyrir uppsögn eða með öðrum lögmætum hætti, enda er framkomið, að ekki hafi á þessu tímabili verið til að dreifa öðrum kjarasamningum um kaup og kjör á sildveiðum þeim, er áður nefndir kjarasamningar fjölluðu um. Undir þessa niðurstöðu renna og stöðum uppsagnir þær af hálfu stefnda og útvegsmannadeilda innan samtaka hans, sem fram fóru árið 1961 og áður er lýst, auk þess sem hún er í samræmi við þá málflutningsyfirlýsingu, er aðiljar í málinu nr. 2/1962: Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Norðfirðinga gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, gáfu í flutningi þess máls, að kjarasamningurinn frá 15. maí 1959, þ. e. samningurinn frá 13. júní 1958 með breytingunni frá 15. maí 1959, væri enn í gildi, ef uppsögn stefnda, 22. marz 1961, yrði eigi metin gild.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða þessa máls sú, að nefndur kjarasamningur frá 13. júní 1958 hafi gilt milli aðilja máls þessa á sildveiðum fyrir Norðurlandi s.l. sumar, og sé enn í gildi, þar sem eigi hefur verið sýnt fram á, að hann hafi fallið niður fyrir uppsögn eða með öðrum hætti.

Eftir atvikum er rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindur kjarasamningur, dags. 13. júní 1958 með breytingum, dags. 15. maí 1959, gildir milli aðilja máls þessa, Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, um kaup og kjör á sildveiðum fyrir Norðurlandi sumarið 1962 og er enn í gildi milli þeirra.

Málskostnaður fellur niður.